


AFSTÖÐUMYND 1:500

## Byggingarlýsing
## Sjafnargata 2. Akureyri

| | |
|---|---|
| Staðgreinir: | 6000-1-73610020 |
| Landnúmer: | 227169 |
| Lóðarstærð: | 7595m² |
| Nýtingarhlutfall: | 0,001 |
| Fjöldi bílastæða: | Tvö hraðhleðslustæði |

**Verkefnið**
Á lóðinni er fyrirhugað að byggja sjálfsafgreiðslustöð ÓB með þremur eldsneytisdælum, ásamt rafhleðsustæðum.

**Sótt er um að:**
1. Koma fyrir nýrri sjálfsafgreiðslustöð á steyptu áfyllingarplani með dæluskyggni.
2. Koma fyrir tæknirými í tengslum við sjálfsafgreiðslustöð
3. Koma fyrir ID skilti
4. Koma fyrir tveimur hraðhleðslustæðum fyrir rafmagn á austurhluta lóðar ásamt tilheyrandi tækjabúnaði.

**Stærðir:**

| | | |
|---|---|---|
| Nýtt tæknirými er: | 6,7 m² og 18,4 m³. | MHL 01 |
| Dæluskyggni | 190 m² | MHL 02 |
| 50m³ tankur | 40m³ fyrir disel og 10m³ fyrir litað disel. | MHL 03 |
| 40m³ tankur | 30m³ fyrir bensín og 10m³ AD Blue | MHL 04 |
| Steypt dæluplan / áfyllingarplan | 242 m² | |

**Lýsing**
Dælueyjur er útbúnar dælum sem þjóna svæði beggja vegna eyju. Dælurnar eru útbúnar VAPOUR kerfi sem sýgur upp bensíngufur á meðan dælt er. Árekstravarnir eru úr stáli sem eru boltaðar niður í dæluplan. Á dælueyju er komið fyrir handslökkvitæki og sorpíláti úr ryðfríu stáli. Dæluskyggni er úr stáli með dempaðri lýsingu í skyggniskanti.

Tæknirými er úr steinsteyptum samlokueiningum með einangrunarplasti og þakeiningum á steyptum grunni. Botnplata er steypt. PVC-dúkur er á þaki undir steinamöl. Hurð er úr stáli eða áli.

Tvö hraðhleðslustæði eru á lóð. Hraðhleðslukassi er undir skýli úr stáli og gleri.

Eldsneytisgeymar eru smíðaðir skv. viðurkenndum stöðlum, EN 12285. Geymarnir eru tvöfaldir stálgeymar, tæringarvarðir með polyurethan húð. Milli laga er vakúm. Í öllum vöktuðum hólfum er yfirfyllingarvörn. Eimur bensíngufa er tekinn í olíuáfyllingabíl. Ofan á geymum eru brunnar með læstum lokum. Hæð útloftunarröra geyma og olíuskilju eru 3,5m. og utan um rörin er sívalningur úr ryðfríu gatastáli.

Olíulagnir eru skv. DIN-2440 eða að sambærilegum gæðum. Allar olíulagnir eru með lekavörn. Á dælu- og áfylliplani er niðurföll tengd við sand- og olíuskilju. Afgreiðslu- og áfylliplan er steinsteypt. Öll efni og vinna skal vera í samræmi við viðeigandi staðla og reglugerð um brunavarnir.

Kröfur eru um CE-merkingar byggingarefna og búnaðar.

**Lagnir og mengunarvarnir**
Frárennsli frá dælu- og áfyllingarplani er leitt í sand og olíuskilju úr HDPE plasti gerð NS = 2,5 fl.1, vörunúmer 44749U frá Borgarplasti. Vökvarúmmál = 3850L, olíurúmmál = 4200L, sandrými = 1330L. Tengistútar ø160. Útloftun er frá olíuskilju.

Vatn frá olíuskilju fer í holræsakerfi. Olíuinnihald vökvafasans sem kemur frá olíuskilju á ekki að vera meiri en 5 mg/l. Skiljur og geymar eru búnir viðvörunarbúnaði sem segir til um hvenær tæmingar sé þörf. Olíuskiljur eru hannaðar samkvæmt EN 858-1:2002 og EN 858-2:2003 að auki er stuðst við "Leiðbeiningar um olíuskiljur, 3ja útgáfa" útgefið af umhverfissofnun 2005.

**Skilti – verðskilti**
ID verðskilti er úr stálprófílum á steinsteyptum sökkli. Skiltið er klætt lituðu plexigleri, lýst innan frá. Lýsing er dempuð.

ASK ARKITEKTAR EHF
GEIRSGÖTU 9 101 REYKJAVÍK
SÍMI 515 0300 FAX 515 0319
www.ask.is

ASK ARKITEKTAR

Gunnar Örn Sigurðsson kt:130666-3379
gunnar@ask.is

VERKEFNI
SJAFNARGATA 2
AKUREYRI

TEGUND TEIKNINGAR
AÐALTEIKNING
HEITI TEIKNINGAR
Afstöðumynd og byggingarlýsing

| | |
|---|---|
| MKV. Í A2 | 1:500 |
| HANNAÐ | GÖS |
| TEIKNAÐ | LGS |
| YFIRF. | TÞ |
| DAGS. | 25.03.2019 |
| VERK NR. | 1804 |
| AUÐKENNI - NÚMER TEIKNINGAR | 10-01 |
| ÚTGÁFA | |

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR ER HÁÐ SAMÞYKKI ASK ARKITEKTA. EKKI SKAL MÆLA UPP AF TEIKNINGU.